



Læsisáætlun leikskólans Vinagarðs

Þróun bernskulæsis með barnið í brennidepli





Málstefna Vinagarðs

Á svæðum barnanna er töluð íslenska og markvisst stutt við máltöku, málþroska og orðaforða alla leikskólagönguna.

Foreldrar barna með annað móðurmál en íslensku eru hvött til að efla þau á sínu móðurmáli til ávinnings fyrir nám barnsins á báðum tungumálum.

Góð færni í íslensku; orðaforði, tjáning, lesskilningur og læsi á samfélag og umhverfi er lykill að frekara námi og því að vera virkur þátttakandi í íslensku samfélagi.



Bernskulæsi

Áður en formlegt lestrar- og ritunarnám hefst tileinka börn sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem eru undanfari námsins.

Börn uppgötva ritmál í umhverfi sínu, eiga í ríkum málsamskiptum við fullorðna og öðlast skilning á hlutverki ritmáls í gegnum bóklestur.

Þættir í bernskulæsi eru:

Málþroski - Tilgangur og hlutverk ritmáls

Bókstafaþekking og ritun – Hljóðkerfisvitund

Tengsl lesturs og máls – Skilningur á uppbyggingu texta

(Byggt á: [Bernskulæsi](#) | [Lesvefurinn](#))




Læsisáætlun Vinagarðs

Í þessari læsisáætlun er tekið mið af læsisstefnu leikskóla – Lesið í leik – sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gaf út árið 2017.

Einnig er tekið mið af aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá Vinagarðs og þeim stefnuþáttum sem gert er ráð fyrir að unnið sé eftir í leikskólum í Reykjavíkurborg.

Læsisáætlunin heldur utan um hvaða skilning starfsfólk hefur á læsi í leikskólastarfnu og hvernig unnið er með mál og læsi í leikskólanum.

Þættir máls og læsis skv. læsisstefnu Reykjavíkurborgar



Þættir máls og læsis í Vinagarði

01

Lubbi finnur málbein

Í Vinagarði er unnið með málörvunar- og hljóðánámsefnið Lubbi finnur málbein eftir talmeinafræðingana Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gylfadóttur. Efnið er hugsað til málörvunar og hljóðánáms. Markmiðið með Lubbastundum eru að auðvelda börnum svokallaða umskráningu, að þau átti sig á málhljóði, síðan stöfum og loks orðum. Einnig styður námsefnið við málþroska þar sem tákn eru fyrir hvert málhljóð sem hjálpar börnunum að gera sig skiljanleg, auðveldar þeim að læra og muna málhljóðið. Í leikskólanum eru Lubbastundir a.m.k. einu sinni í viku en útfærsla fer eftir aldri og þroska barnanna. Allar deildir hafa aðgengi að boxum með litlum hlutum sem byrja á þeim staf/hljóði sem unnið er með og farið er í fjölbreytta leiki og fræðslu með þá. Lubbi fer heim með börnunum og foreldrar skrá með þeim ýmsar upplifanir. Vikulega eru hljóð vikunnar sungin í sameiginlegri söngstund í leikskólanum.

02

Sjónrænt dagskipulag og sýnilegt ritmál

Sjónrænt dagskipulag mikilvægt fyrir málþroska og skilning allra barna og er áhersla á að allar deildir í Vinagarði hafi sjónrænt dagskipulag auk þess sem sum börn hafa sérstakt skipulag innan þess til að hjálpa til við samskipti og skilning. Á öllum deildum er ritmálið gert sýnilegt, bókstafir eru sýnilegir börnunum og leikefni og skúffur merktar. Börn hafa aðgengi að ritmálsörvandi efnivið á hverri deild, svo sem blöð, litir, stafir. Allar deildir bjóða frjálsa bókastund fyrir hádegismat á hverjum degi. Fastar lestrarstundir eru fyrir eða eftir hádegismat og hlustað er á sögur eða leikrit í hvíld eldri barna. Elstu börnin byrja að móta stafi úr fjölbreytilegum efnivið utan og innandyrá

03

Málörvun í daglegu starfi

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans sé virkt í málörvun í daglegu starfi með öllum börnum. Góð leið til málörvunar fyrir allan aldur er að eiga samtöl um hluti, tilfinningar eða atvik í lífi barnanna sem eru þeim mikilvæg. Í slíkum samtölum öðlast börnin þekkingu á eigin heimi, æfa tjáskipti og hvernig þau tjá tilfinningar og hugmyndir þannig að aðrir skilji. Aðrar leiðir eru t.d. Að syngja með þeim, lesa fyrir þau og ræða um efnið, spyrja börnin opinna spurninga, kenna rím, vísur og þulur. Vettvangsferðir geta verið gott tækifæri til að eiga samtál við börn og auka orðaforða þeirra og skilning. Mikil hefð er fyrir vettvangsferðum sem tengjast fjölbreyttri náttúru í umhverfi skólans auk vettvangsferða í menningarhús og fleiri staði í nágrenni skólans.

Aðgengi að efnivið og þekkingu

1

Bókakrókur og aðgengilegar bækur á öllum deildum
Dagleg stund fyrir frjálsan lestur

2

Leikefni sem hvetur til notkunar á ritmáli, s.s. pappír, ritföng, bækur og spil á öllum deildum

3

Fjölbreyttur efniviður sem endurspeglar
núttímasamfélagshætti

4

Heimamenning þar sem unnið er með bakgrunn
barna og menningu til að byggja upp nýja
þekkingu og efla hvert barn

5

Unnið með tjáskipti, málskilning, framburð,
orðaforða og setningamyndun í daglegum
athöfnum inni og úti

6

Læsisteymi er starfandi í leikskólanum

7

Regluleg fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi
málörvunar hjá börnum á leikskólaaldri

8

Þróun máls og læsis hjá börnunum er metin
með reglubundnum hætti í gegnum alla
leikskólagönguna

Barnabókmenntir í Vinagarði

Lestrarstundir

Að lesa fyrir börn er mikilvægt fyrir alla þroskaþætti. Í Vinagarði er lesið fyrir börnin oft á dag og á hverri deild er notalegur bókakrókur þar sem börn geta sjálf sótt sér bækur, sest niður og skoðað. Í hverri bók er nýtt ævintýri og nýr reynsluheimur fyrir börnin.

Val á bókum fyrir lestrarstundir er fjölbreytt og reynt að höfða til áhugasviða barnanna. Börn mega alltaf koma með bækur að heiman sem eru lesnar í lestrarstund dagsins.

Þróun bóklesturs

Á eldri deildum eru oft lesnar framhaldssögur til þess að ýta undir flóknari orðaforða, þjálfu minni og þolinmæði. Sögur eru gjarnan notaðar í þemavinnu þar sem hvert barn endursegir söguna á sinn hátt. Einnig er unnið með Biblíusögu mánaðarins sem börnin endursegja í sameiningu.

Miðlægt bókasafn er í Vinagarði þar sem starfsfólk getur nálgast bækur fyrir lestrarstundir. Lögð er áhersla á ígrundun þeirra bóka sem lesnar eru út frá efni, nálgun, fjölbreytileika og staðalmyndum í takti við jafnréttisáætlun skólans.

Lestur bóka: Eflir málþroska – eykur orðaforða – stuðlar að góðum lesskilningi – Örvar ímyndunaraflið – vekur forvitni – eykur lestraráhuga – bætir einbeitingu – eflir vellíðan – eykur sjálfstraust – er fræðandi.

Úr bæklingi Borgarbókasafnsins



Barnabókmenntir

Að lesa fyrir börn er einn mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun. Ánægjulegar lestrarstundir móta viðhorf barna til lesturs og jafna tækifæri þeirra til náms. Lestur bóka felur í sér skilning á framvindu setninga og sögu, gefa víðari sýn á heiminn og örva ímyndunaraflið.

Barnabækur eru grundvallarundirstaða barnamenningar.

Söngur og kveðskapur

Markmið söngs og kveðskapar

Söngur, þulur og ljóð hafa jákvæð áhrif á þróun hlustunar og hljóðkerfisvitundar og því læra börnin að tileinka sér málið í gegnum það.

Auk þess æfa börn framburð, efla minni og auka orðaforða með söng og öðrum kveðskap. Börnin öðlast vitund um bundið mál án laglínu með bænum og ritningarversum auk þjóðlegra þula og vísna sem tengjast gjarnan árstíðum.

Söngstundir

Í Vinagarði er sungið á hverjum degi í samverustundum á morgnanna, í hádegi og síðdegis. Vikulega hittist allur leikskólinn í samsöng.

Sönglögin tengjast oft árstíðum, þemavinnu, kristilegri fræðslu og vináttu. Þau eru bæði með einfaldan texta og flóknari sem gefur tækifæri til að útskýra ný eða erfið orð.

Texti og laglína sönglaga eru til staðar á heimasíðu leikskólans og foreldrar eru hvött til að kynna sér þau með barninu heima.

Sungið í Lubbastundum

Söngur er hluti af fræðslunni í Lubbi finnur málbein. Börnin læra að syngja vísur úr málörvunarefninu um leið og þau læra máhljóðin. Í vikulegum söngstundum eru vísurnar fyrir stafi/hljóð vikunnar sungin saman.

Nokkrum sinnum yfir veturinn eru sérstakar Lubba söngstundir fyrir allan leikskólann þar sem farið er yfir og fest í minni það sem börnin hafa tileinkað sér.

Tónlistarstundir

Í sérstökum tónlistarstundum læra börnin takt, kynnast ýmsum hljóðfærum, hlusta á hljóðfæraleik og ýmsilegt annað sem styður málþroska þeirra og orðaforða auk áhuga á að taka þátt í söng.

Tónlist og söngur eru eftirsóknarverðar stundir hjá börnunum og þau fá reglulega tækifæri til að syngja fyrir hópinn og foreldra á ýmsum viðburðum á vegum leikskólans.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Upphaf leikskólagöngu

Stuðst er við sjónrænt skipulag og myndir til að auðvelda skilning og tjáningu. Börnin eru studd til þátttöku í leik með öðrum börnum og sérstök áhersla er á að setja orð á athafnir með þeim.

Sérstök málörvun

Sérkennslustjóri býður málörvun í litlum hópum eða einstaklingslega einu sinni til tvisvar í viku til að auka orðaforða, skilning og tjáningu. Reynt er að byrja þar sem áhugi barnanna liggur og unnið út frá því.

Eigið móðurmál

Foreldrar eru hvött til að tala sitt eigið móðurmál við börn sín til þess að þau standi á sterkum grunni við að læra íslensku.

Hæfnirammar í íslensku

Hæfnirammar í íslensku eru notaðir til að meta stöðu og framfarir barnanna í íslenskunámi sínu

Ráðgjöf

Foreldrum er bent á brúarsmiði hjá Miðju máls og læsis og hvattir til að leita til þeirra. Alltaf er boðið upp á tulk í foreldraviðtölum og öðrum stuðningsviðtölum.

Almennar upplýsingar

Upplýsingapóstar frá stjórnendum leikskólans fara einnig út á ensku til þess að auðvelda foreldrum að nota þýðingarvélar yfir á sitt tungumál. Deildir fylgja því sérstaklega eftir að foreldrar sem ekki tala íslensku viti af sérstökum dögum í leikskólastarfinu.



Samstarf við foreldra

Kynningarfundur á vorin fyrir nýja foreldra og alla foreldra á haustin þar sem stefnur leikskólans eru kynntar þ.m.t læsisstefnan og leiðir sem foreldrar geta farið til að styðja við málþroska barna sinna.

Foreldrar taka þátt í árlegu lestrarátaki Lubba þar sem lestur á heimilinu með börnunum er skráður og foreldrar hvattir til lesturs með þeim. Auk þess fer Lubbi heim með hverju barni reglulega og lítil saga skrifuð sem lesin er fyrir hópinn.

Foreldrasamtöl eru a.m.k. árlega þar sem farið er yfir TRAS skráningu og rætt um stöðu barns hvað snertir mál og læsi. Skólinn á tilbúin verkefni sem foreldrar geta fengið með heim til að styðja við barnið sé þess þörf.



Samstarf við grunnskóla

Samstarfsverkefni allra leikskóla og grunnskóla í hverfinu stendur allan veturinn með hittingum barna úti og inni.

Gagnkvæmar heimsóknir kennara til að kynna starfið með börnunum eru árlega.

Sameiginlegt verkefni er á Degi íslenskrar tungu þar sem tungumálið og söngur eru megin viðfangsefnið.

Börnum sem fara í grunnskólann frá Vinagarði er fylgt eftir með samtali deildarstjóra eða sérkennslustjóra við umsjónarkennara í grunnskólanum.



Samstarf við nærumhverfið

Samstarf er við menningarstofnanir í hverfinu svo sem Sólheimasafn. Tvær elstu deildirnar fara nokkrum sinnum yfir árið í bókasafnið til að hlusta á upplestur og taka bækur að láni. Yngstu deildir fara á skólabókasafn Langholtsskóla einu sinni á önn.

Einnig eru reglulegar heimsóknir í fjölskyldu- og húsdýragarðinn og TBR þar sem gefast tækifæri til að auka skilning á orðum utan leikskólaumhverfisins.

Börnin skrifa kærleikskveðjur og/eða bænir og bera í hús eða hengja á tré í umhverfi skólans á degi leikskólans og afmæli leikskólans.

Barnið í brennidepli

Áhugi, reynsla, menning og þekking barna

Fjölskyldumyndir á yngri deildum þar sem búin er til samsett fjölskyldumynd sem barn getur skoðað og sýnt öðrum

Upphafsviðtal við foreldra eru ítarleg og ná yfir áhugamál, menningu og hefðir í fjölskyldunni

Afmæli barna er gert hátt undir höfði. Barnið fær kort þar sem öll börn á deildinni hafa sagt eitthvað fallett um barnið sem kennari hefur skráð. Hvert barn á afmælisblöðru á vegg með mynd af því, bókstaf og máhljóðatákni.

Lubbi fer í heimsókn með barni einu sinni til tvisvar yfir helgi á hverju starfsári. Foreldrar hjálpa barni að skrá það sem gert var í máli og myndum sem er svo lesið með barninu og það segir sjálft frá fyrir barnahópinn.

Samverustundir eru nýttar til þess að skapa tækifæri fyrir börnin að segja frá reynslu og atburðum í lífi sínu. Þau mega alltaf koma með bækur og spila að heiman og segja þá oft frá því hver gaf þeim þetta og af hvaða tilefni.

Hugmyndabanki tengdur heimamenningu er til staðar og geta deildir nýtt hann til að framkvæma verkefni sem leiða í ljós aukna þekkingu á barninu og reynsluheim þess.

Kennarar leggja sig fram við að nýta áhuga barnanna, þekkja bakgrunn þeirra og reynslu. Með auknum skilningi á barninu og fjölskyldu þess verður nám barnsins árangursríkara.

Starfsfólk skráir reglulega leik barna til þess að fá hugmyndir að umbótum í námsumhverfi og efnivið, samskiptamynstur og þátttöku barnanna

Framfarir barna

- 01 Áætlun um mat á námi og velferð barna er til staðar; hér eru helstu leiðir skv. henni:
- 02 Ferilmöppur með frjálsum verkefnum barna, þroskaskrefum, námssögum o.fl. sem sýnir námsferilinn
- 03 Námssögur eru unnar á öllum deildum, með hverju barni og með hópum barna
- 04 TRAS, EFI-2 og Hljóm-2 er lagt fyrir öll börn og unnið með niðurstöðurnar í samstarfi við foreldra
- 05 Skilafundir eru árlega hjá deildarstjórum þegar börn færast á milli deilda innan leikskólans
- 06 Gátlistar um gæði í leikskólastarfi eru ræddir og fylltir út reglulega á deildum, nýttir í umbætur
- 07 Rýnihópar barna eru haldnir fjórum sinnum á ári þar sem áhugasvið, líðan og leikskólastarfið eru rædd